

Ársskýrsla Lækjar 2015

Inngangur

Á árinu var ýmislegt gert til að auka lífsgæði fólksins sem sækir Læk. Haldin var sýning í tengslum við List án landamæra en sýningin var 8. einkasýningin sem Lækur hefur haldið, sýningin var haldin í Læk. Að þessu sinn var uppistaðan í sýningunni afrakstur leirlistarnámskeiðs sem hafði staðið yfir um veturinn undir leiðsögn Hafðísar Bergs leirlistakonnu. Aðstandendum fólksins sem sækir Læk var boðið að koma að skoða sýninguna og kynna sér Læk í leiðinni. Oddfellow félagar komu og tóku garðinn í gegn o.fl. utanhúss. Lækur var í samstarfi við Fjölmenn á haustönn þar sem komið var upp námskeið um fjármál en Rauði Krossinn í Hafnarfirði útvegaði aðstöðu í húsi Rauða krossins í Hafnarfirði. Það má segja að aðsóknin í Læk hafi verið góð en nokkur hreyfing var á árinu varðandi aðsóknina þ.e.a.s. að margir nýir byrjuðu að mæta og margir fóru annað, svo sem í starfsendurhæfingu, vinnu, meðferð eða skóla. Því miður létust tveir einstaklingar sem sótt hafa Læk um tíma, annar í byrjun árs en hinn í lok ársins.

Þeir sem standa að Læk

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðbæ og Hafnarfjarðarbær standa að rekstri Lækjar. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum frá hverri stofnun auk fulltrúa frá heimahjúkrun Heilsugæslunnar.

Markmið Lækjar

Markmið Lækjar er að draga úr félagslegri einangrun og styrkja þannig andlega og líkamlega heilsu.

Opnunartími

Opið var frá kl. 9.00 – 16.00 virka daga allt árið.

Innra starf

Hugmyndafræði

Innra starf hefur verið með svipuðum hætti og árin áður. Unnið er eftir hugmyndafræði valdeflingar „empowerment“. Sú hugmyndafræði stuðlar að betri líðan einstaklinga með geðraskanir og stuðlar að því að vekja upp þætti hjá einstaklingnum eins og að hafa skoðanir, taka ákvarðanir og velja sér lífsstíl sjálfir. Einnig er stuðst við ýmsar rannsóknir sem byggðar eru á viðtölum við fólk sem náð hefur bata ásamt fleiri módelum sem virkað hafa vel við endurhæfingu. Áhersla er lögð á að þeir sem sækja Læk taki þátt í ákvarðanatöku í sambandi við starfsemina. Einnig er lögð áhersla á að færni þeirra nýtist við að kenna öðrum og leiðbeina ef þeir treysta sér til þess. Það gildi sem mest hefur verið lögð áhersla á frá upphafi er *virðingin* þannig að allir sem sækja Læk finni að borin sé virðing fyrir þeim.

Dagskráin

Dagskráin var með hefðbundnu sniði sem felur í sér sjálfstyrkingu, heilsuefingu, stuðning til reykleysis, fönður, hreyfingu, listsköpun, handverk með tré, heimsóknir á listasöfn og kaffihús o.fl.

Á vorönninni var boðið upp á leirlistarnámskeið sem Hafdís Brands leirlistarkona sá um en á haustönn var haldið námskeið í listmálun sem Kristbergur Ó. Pétursson sá um. Ása Björk Snorradóttir myndlistarkennari hefur kennt listsköpun einu sinni í viku. Jón Sigurgeirsson var með fræðslu af ýmsum toga einu sinni í viku. Einstaklingar sem sótt hafa Læk hafa komið að kennslu við föndur. Einnig var boðið upp á kennslu í tálgun og skartgripagerð o.fl. Þeim sem sækja Læk var boðið að hlýða á tónleikaröð sem tengist verkefninu „Töframáttur tónlistar“ sem Gunnar Kvaran sellóleikari er listrænn stjórnandi að og haldnir eru á Kjarvalsstöðum.

Aðrar upptökur

Haldið var þorralót á þorranum. Farið var í leikhús. Um sumarið var var farið í dagsferð með Dvöl í Kópavogi. Farið var austur fyrir fjall að Friðheimum í Reykholti í Biskupstungum og komið var við í Sólheimum í Grímsnesi. Ýmislegt annað var gert um sumarið, farið var í Dvöl og grillað með fólki úr Dvöl og Vin. Í október var farið í haustlitaferð til Þingvalla með athvarfinu Vin. Margt var gert sér til gamans fyrir jól, farið á jólahlaðborð, haldin jólagleði og jólabingó. Gerður var dagamunur þegar fólk átti afmæli.

Önnur starfsemi

Forstöðumenn athvarfanna Lækjar, Vinjar og Dvalar hittust reglulega á fundum. Um vorið var haldinn sameiginlegur fundur starfsmanna Lækjar, Vinjar, Dvalar og Lautar en þá var boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólkið. Fulltrúi frá Læk tók þátt samráðfundum sem Geðhjálp stóð að ásamt fulltrúum frá öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar frá Læk tóku þátt í að undirbúa Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. okt. Yfirskriftin var þetta árið „Virðing í verki“. Opið hús var í Læk í viku í tengslum við Alþjóða geðheilbrigðisdaginn og fólkið í Læk tók þátt í hátíðinni sem haldin var í Kringlunni

Starfsmenn

Þórdís Guðjónsdóttir forstöðumaður,

Hrönn Theodórsdóttir

Starfsmannaskipti voru í Læk á árinu hjá starfsmönnum sem starfa á vegum félagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Birna Rut Björnsdóttir hætti 30. apríl.

Svava Dagný Árnadóttir byrjaði 11. maí.

Þeir sem leystu starfsmenn af í sumarfríum starfsmanna voru:

Páll Daníelsson sem leysti Þórdísi af í um sumarið

Heiðrún Davíðsdóttir og Drífa Huld Jóhannsdóttir leystu starfsmenn félagsþjónustunnar af um sumarið.

Sigrún Jónsdóttir leysti Þórdísi af í 2 vikur í október.

Sjálfböðaliðar

Samtals 6 sjálfböðaliðar komu að starfi Lækjar. Þeir komu allir einu sinni í viku og voru hálfan daginn í senn. Ýmist buðu þeir upp á fræðslu, kennslu í listsköpun eða annan almennan stuðning við fólkið. Fleiri unnu sjálfböðavinnu fyrir Læk, má þar nefna Félagsmenn úr Bjarna Riddara í Oddfellow.

Nemar

Hjúkrunarnemar úr Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri hafa komið í tengslum við nám í Heilsugæslunni Firði og Heilsugæslunni Sólvangi


Gjafir

Mörg fyrirtæki styrktu fólkið í Læk þegar safnað var fyrir vinningum fyrir jólabingó má þar sérstaklega nefna Fjarðarkaup sem gefur alltaf góða vinninga og sem styrkti einnig fyrir páska en þá var haldið páskabingó.


Komufjöldi

Komufjöldi yfir árið var samtals 3488, það er að segja að meðaltali 14 - 15 manns daglega en það er aðeins færri en 2014 en þá var komufjöldinn 3687. Ekki var mikill munur á milli mánaða, en áberandi er að mesti fjöldinn er í októbermánuði. Komufjöldi í mat var 1884 sem er færri en 2014 en þá var komufjöldinn í mat 2278. Fjöldi þeirra sem hafa komið í Læk reglulega eða óreglulega og hafa verið í tengslum við Læk á þessu tímabili eru samtals 76 manns. Kynjaskiptingin var á þann veg að konur voru samtals 46 en karlmenn samtals 30. Þeir sem sóttu Læk reglulega í hverri viku allt árið eða hluta af árinu eru samtals 48, 26 konur og 22 karlmenn.


Komutölur í Læk 2015



Komutölur í Læk 2015



Komutölur í Læk 2015



Komutölur í Læk 2012-2015

